

Ed.

611. Breytingartillögur

[119. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. bætist:
Torfærutæki:
Vélknúid ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til dráttar, ýmist ætlað til aksturs á vegum jafnt sem vegleysum eða aðallega á vegleysum og er á tveimur, þremur eða fjórum hjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.
2. Við 32. gr.
 - a. 1. mgr. orðist svo:
Við akstur bifreiðar skulu lögboðin ljós vera tendruð allan sólarhringinn frá 1. september til 30. apríl, en frá 1. maí til 31. ágúst skulu þau vera tendruð á tímanum frá hálfri klukkustund eftir sólarlag og til hálftrar klukkustundar fyrir sólarupprás.
 - b. 2. mgr. orðist svo:
Við akstur annarra ökutækja skulu lögboðin ljós vera tendruð á tímanum frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálftrar klukkustundar fyrir sólarupprás. Þá skulu lögboðin ljós bifreiða og annarra ökutækja vera tendruð á öðrum tíma í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum eða ella þegar birta er ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið. Ökutæki, sem eigi skulu búin ljósum, skulu þá merkt samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.
 - c. Við bætist ný mgr. er orðist svo:
Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um notkun ljósa og ljósabúnað bifreiða.
3. Heiti VI. kafla breytist og verði:
SÉRREGLUR FYRIR REIÐHJÓL, BIFHJÓL OG TORFÆRUTÆKI.
4. Við 41. gr.
 - a. Fyrirsögn á undan greininni verði: **Bifhjól og torfæruhjól.**
 - b. 3. mgr. orðist svo:
Við akstur bifhjóls eða torfærutækis skulu lögboðin ljós jafnan vera tendruð.
 - c. Við bætist ný mgr. er orðist svo:
Torfæruhjóli má ekki aka í þéttbýli eða á stofnbrautum utan þéttbýlis.
5. Við 55. gr.
 - a. Fyrirsögn á undan greininni verði:
Stjórnendur dráttarvéla, vinnuvéla, léttra bifhjóla, torfærutækja og vélsleða.
 - b. 4. mgr. orðist svo:
Enginn má stjórna vélsleða eða torfærutæki nema hann sé fullra 16 ára og hafi gilt ökuskírteini til þess eða ökuskírteini til að mega stjórna öðru vélknúnu ökutæki.
6. Við 63. gr. 1. másl. 1. mgr. orðist svo:
Áður en bifreið, bifhjól, torfærutæki, vélsleði eða dráttarvél er tekin í notkun skal ökutækið skráð og skráningarmerki sett á það.